

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Pálmarsson, greiði 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-varnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. desember 1964.

Nr. 202/1964. **Guðlaugur Einarsson**
f. h. **Fasteignaviðskipta h/f**
gegn

Yfirborgarfégetanum í Reykjavík, Jóni
Magnússyni héraðsdómslögmanni og
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir **Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson** og prófessor **Theodór B. Línal.**

Kærumál. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1964, sem hingað barst 15. s. m., og krafizt þess, að yfirborgarfégetanum í Reykjavík verði dæmt skylt að taka til úrskurðar kröfu hans um framhaldsfrest í málinu, sem gerð var á uppboðsþingi 3. þ. m.

Yfirborgarfégetinn í Reykjavík, Kristján Kristjánsson, hefur hinn 15. þ. m. sent Hæstarétti greinargerð um málið svohljóðandi:

„Ég lít svo á, að kæra þessi beri ekki undir Hæstarétt, svo sem hún er úr garði gerð af hálfu umboðsmanns uppboðspóla, og beri því að vísa henni frá. Hins vegar vil ég

ekki gera kröfu til, að svo verði gert. En ég verð að halda því fram, að synjun mín um bókun á frestbeiðni umboðsmanns uppboðspóla hafi verið fullkomlega réttlætanleg af ástæðum þeim, sem færðar eru fram, og geri ég kröfu til þess, að kærán verði ekki tekin til greina.

Með bréfi, dags. 24. ágúst 1964, krafðist Jón Magnússon hdl. þess, að fram færi nauðungaruppboð á húseigninni nr. 40 við Klapparstig hér í borg til lúkningar víxilskuld, að upphæð kr. 125.000.00, tryggðri með 5. veðrétti í eign þessari, sem er þinglesin eign Fasteignaviðskipta h.f.

Tilkynning um fram komna uppboðsbeiðni var send skuldara 26. ágúst 1964. Var í því bréfi tekið fram, að auglýsing, varðandi nauðungaruppboð þetta, yrði send til birtingar 5. september 1964, en að uppboðið yrði tekið fyrir í skrifstofu uppboðshaldara 26. október 1964.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á ákveðnum stað og tíma, komu aðiljar sér saman um að fresta uppboði þessu þar til 3. desember 1964, kl. 3 síðdegis. Var uppboðið þá tekið fyrir að nýju, og krafðist uppboðsbeiðandi þess, að nauðungaruppboðið færi fram, en umboðsmaður uppboðspóla, Guðlaugur Einarsson hrl., krafðist þess, að uppboðinu yrði frestað.

Ég taldi engin skilyrði fyrir frestun uppboðsins, þar eð engin andmæli komu fram gegn sjálfri kröfunni, heldur virtist aðeins vera um viljaleysi eða getuleysi skuldara að ræða. Með hliðsjón af þessu taldi ég fráleitt að fresta uppboðinu gegn mótmælum uppboðsbeiðanda og sá heldur enga ástæðu til þess að bóka þau mótmæli, sem umboðsmaður uppboðspóla kom fram með gegn þessari ákvörðun. Vil ég benda á, að erfitt mundi verða um framkvæmd fógétagerða og uppboðsgerða hér við embættið, ef ætíð skyldi sinna slíkum mótmælum, enda eru fjórir mánuðir rúmir liðnir, frá því að tilkynning um nauðungaruppboð var send uppboðspóla“.

Kærumál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt.

Þar sem fram kom krafa sóknaraðilja um framhaldsfrest í ofanskráðu máli á uppboðsþingi 3. desember 1964, bar

yfirborgarféöetanum að skrá hana í þingbók og taka afstöðu til hennar í úrskurðarformi samkvæmt 190. gr. laga nr. 85/1936, enda þótt úrskurði um synjun frests verði eigi skotið til Hæstaréttar, nema við áfrýjun aðalmálsins. Ber samkvæmt þessu að taka kröfu sóknaraðilja til greina.

Dómsorð:

Yfirborgarféöetanum í Reykjavík ber að leggja úrskurð á framangreinda frestbeiðni sóknaraðilja, Guðlaugs Einarssonar f. h. Fasteignaviðskipta h/f.
